

Mánudaginn 19. dag júnímán.

Nr. 7/1911:

Magnús Þórðarson & Co.

gegn

G. Gíslason & Hay.

D ó m u r:

Einar lagaskólakennari Arnórsson fyrir hönd áfrýjendanna, Magnúsar Þórðarsonar & Co., þeirra Magnúsar Þórðarsonar, Þorsteins Jónssonar, Árna Filippussonar, Einars Jónssonar, Lyder Höjdals, Sigurðar Sigurfinnssonar, Agústs Gíslasonar og Friðriks Svípmundarsonar, allra í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti í Reykjavík gegn stefnda G. Gíslason & Hay, til þess að fá þá dæmda til að greiða áfrýjendunum skaðabætur að upphæð 4700 kr. (auk vaxta) fyrir tjón, er áfrýjendurnir telja sig hafa orðið fyrir af völdum stefndu sökum vanrækslu þeirra í erindisrekstri fyrir áfrýjendur við kaup á fiskiskipi hingað frá Skotlandi. Var mál þetta dæmt í téðum rétti 7. jan. þ. á., þannig að stefndu voru sýknaðir af kærum og kröfum Einars Arnórssonar fyrir hönd áfrýjendanna og málskostnaður látinn falla niður, en borgun til setudómara í málinu Björns Þórðarsonar cand. juris, samkvæmt veittu gjafsóknarleyfi (sbr. lög nr. 44, 16. nóv. 1907) var ákveðin í dóminum 50 krónur og skyldi greiðast úr landsjóði.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. febrúar þ. á. og krafist þess, að stefndu verði skyldaðir með dómi til að greiða áfrýjendunum 4700 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir

mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði algjörlega staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn byggir kröfu sína á hendur stefndu á því, að þeir félagar hafi veturinn 1904—1905 falið stefndu að kaupa fyrir sig fiskiskip Reaper að nafni í Skotlandi, en stefndu hafi vanrækt að váttryggja skipið, eins og kaupendurnir höfðu lagt fyrir; hafi skipið svo orðið fyrir sjóskaða á leiðinni til Íslands, óváttryggt, og hafi það bakað eigendunum 700 kr. tjón. Svo hafi það og komið í ljós er til Íslands kom og fara átti að nota skipið til fiskiveiða, að það var stórgallað, maðksmogið og fútið, og fór svo, að eigendurnir seldu það öðrum fyrir einar 1600 krónur. Telja áfrýjendur að stefndu hafi í þessum erindisrekstri sýnt svo mikið skeytingarleysi, bæði með því að vanrækja að fá skipið váttrygt og með því að láta ekki skoðun fara fram á því áður en það var keypt, að þeir eigi að bæta áfrýjendum tjón það, er af þessu hefir hlotist fyrir þá, fyrnefndan sjóskaða, 700 kr. og mismuninn á verði skipsins, er áfrýjendurnir keyptu það, og því er þeir urðu að selja það fyrir, en þann mismun telja þeir 4000 kr., og alt tjónið, er þeir krefjast bóta fyrir, þess vegna 4700 krónur.

Hinir stefndu hafa mótmælt algjörlega þessari skýrslu áfrýjenda og þar á bygðum kröfum þeirra.

Þeir neita því, að þeim hafi verið falið eða þeir tekist á hendur kaupin á fiskiskipinu Reaper. Þau hafi haft á hendi og framkvæmt sendimaður frá áfrýjendunum, en stefndu að eins verið beðnir að aðstoða hann og leiðbeina í kaupunum, ef þörf gjörðist, eins og einnig stefndu

eftir beiðni áfrýjanda hefðu lagt út kaupverðið fyrir skipið og annað fé, er sendimaður eða erindreki áfrýjenda þurfti með til útbúnaðar skipsins og váttryggingar og til farmkaupa í það, til ferðarinnar til Íslands frá Skotlandi eftir kaupin. Styðst þessi skýrsla stefndu fullkomlega við bréf frá áfrýjendunum til hinna stefndu, dags. 30. nóv. 1904, sem þeir létu rita hinum stefndu, með sendimanni þeim, er fyr getur, um og gjörði kaupin á Reaper, en í bréfi þessu skýra áfrýjendurnir stefndu frá ráðstöfunum sínum um skipakaupin og lýsa óskum sínum um það, hvernar aðstoðar þeir vænti frá stefndu í þessu efni. Gefur bréf þetta frá áfrýjendunum ekki tilefni til að líta svo á, að ætlast hafi verið til annara afskifta af stefndu hálfu af skipakaupunum, en að þeir létu þar í té ráð sín og leiðbeiningar, að svo miklu leyti aðalerindrekinn, sendimaðurinn, leitaði þeirra, enda sést það og af öðru skjölum málsins, að kaupin voru fullgerð af sendimanni einum, án þess að stefndu tækju nokkurn teljandi þátt í þeim, annan en að sjá um útborgun skipsverðsins, eftir tilvísun sendimannsins. Kaup skipsins voru þannig hvorki falin stefndu né gjörð af þeim og gat því ekki í því tilliti verið um neina vanrækslu að ræða af þeirra hálfu. Þá hafa stefndu einnig neitað því, að þeim hafi borið nokkur skylda til að annast váttryggingu skipsins til Íslands, eða að þeim verði gefin sök á því, að skipið fór frá Skotlandi óváttrygt. Í fyrnefndu bréfi 30. nóv. 1904 frá áfrýjendum til stefndu er að vísu tekið fram að áriðandi sé, að skipið verði váttrygt, og er stefndu skýrt þar frá því, að sendimanninum, sem átti að gjöra kaupin, hafi verið lagt fyrir, að afgera engin kaup, nema þetta, váttrygging skipsins, sé

fáanleg með viðunanlegum kjörum, »og er aðstoð yðar hér einnig nauðsynleg«, er bætt við í bréfinu; en á þessu er auðsætt, að ætlast var til að stefndu styddu að því, að skipið fengist vátrygt svo una mætti við, en það er einnig upplýst í málinu, að stefndu létu sér umhugað um vátryggingu skipsins og leituðu sjálfir fyrir sér um það; en að þó tókst svo til, að skipið sigldi til Íslands óvátrygt, var sendimanninum einum að kenna, því að þótt stefndu hefðu fengið honum fé til vátryggingarinnar, sem hann þóttist geta keypt betur en þeir, þá varð ekki úr því fyrir honum, að vátryggja skipið, en hann ritaði þó stefndu að hann hefði gjört það, og vissu þeir því ekki betur en að alt væri í lagi í því efni.

Það verður samkvæmt þessu ekki álitid, að áfrýjendurnir geti gefið hinum stefndu sök á því, hvernig kaupin á umræddu skipi voru af hendi leyst, né á því, að skipið var ekki, samkvæmt fyrirmælum kaupendanna, vátrygt áður en því var siglt til Íslands eftir kaupin, en þar af leiðir, að þeim verður þá heldur ekki gjört að skyldu, að bæta áfrýjendunum það tjón, er þeir telja sig hafa beðið við þetta. Það verður því að fallast á það, að gestarétturinn hefir sýknað stefndu fyrir kærnum og kröfum áfrýjenda í þessu máli, og ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm bæði í aðalefni og um málskostnaðinn, að því leyti sem hann er látinn falla niður; en ákvæði dómsins um borgun til setudómarans á eigi við lög að styðjast og ber því að ómerkja það. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjendurnir greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði gestaréttardómsins um borgun til setu-  
dómarans á ómerkt að vera, en að öðru leyti skal  
gestaréttardóminum óraskað. Áfrýjendurnir Magnús  
Þórðarson & Co. í Vestmannaeyjum greiði stefndu  
G. Gíslason & Hay í málskostnað fyrir yfirdómi  
25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri  
birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Nr. 17/1911:

Þórður J. Thoroddsen  
gegn  
Þórarni Eyólfssyni.

### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Þórður J. Thoroddsen læknir í  
Reykjavík fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn  
stefnda, Þórarni Eyólfssyni þurrabúðarmanni í Kongs-  
gerði í Leiru, og krafðist greiðslu á skuld samkvæmt  
skuldabréfi dags. 29. nóvbr. 1912 að upphæð 116 kr. 61 e.

Var málið dæmt 19. okt. f. á. með þeim úrslitum,  
að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda en máls-  
kostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir  
Þórður J. Thoroddsen áfrýjað til landsyfirrættarins með  
stefnu dags. 12. apríl þ. á. og krafist þess, að dómi  
þessum verði hrundið eða breytt þannig, að stefndi verði  
dæmdur til að greiða sér hina umstefndu skuld ásamt